



Reykjavíkurborg

Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 2. mars 2021

SFS2021020107

4.20

HG/SP/DÁ/SS/shj

Elísabet Pétursdóttir
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Umsögn SFS um tillögu fulltrúa ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða um aukna fræðslu um fólk á flóttu

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 28. janúar 2021, var lögð fram tillaga fulltrúa ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða um aukna fræðslu um fólk á flóttu. Lögð var fram svohljóðandi breytingartillaga mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs: Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að bjóða nemendum í grunnskóla Reykjavíkur aukna fræðslu um fólk á flóttu og stöðu þeirra í íslensku samfélagi. Tillagan var samþykkt og var henni vísað til umsagnar skóla- og frístundasviðs.

Umsögn SFS

Skóla- og frístundasvið þakkar fyrir góða og mikilvæga tillögu um málefni sem sviðið telur brýnt að leggja áherslu á. Reykjavíkurborg er eitt af þremur sveitarfélögum sem eru með þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd og er starfrækt skólaúrræði fyrir börn á grunnskólaaldri í stoðdeild Birtu við Álftamýrarskóla. Ísland stendur frammi fyrir nýjum veruleika þar sem fjöldi barna, sem koma hingað til lands, eru með rofna skólagöngu og áfallasögu að baki. Hlutfall barna sem hefur hlotið stöðu flóttafólks hefur margfaldast á síðastliðnu ári en alls fengu um 110 börn á leik- og grunnskólaaldri stöðu flóttafólks í Reykjavík. Menningarnæmi og millimenningarfræðsla er mikilvægur þáttur í að vel takist að stuðla að gagnkvæmri aðlögun og valdefla þennan hóp barna og unglinga til að vera fullgildir og virkir þátttakendur í samfélaginu.

Skóla- og frístundasvið hefur staðið að fræðslu til starfsmanna leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva um málefni flóttafólks og tekur heilshugar undir mikilvægi þess að aukin fræðsla um málefni fólks á flóttu fari inn í leikskóla, grunnskóla og frístundastarf. Skóla- og frístundasvið leggur til að fjölmenningatrymi SFS fundi með fulltrúum ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða og ræði tillögur að fræðslu um málefni fólks á flóttu.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs